

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015,
strandhverfi við Arnarnesvog.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í því að á áður óbyggðu svæði og hafnarsvæði er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun fyrir íbúðir, verslun, þjónustu og stofnanir og á afmörkuðu svæði iðnaði. Svæði meðfram strönd að fyllingu verður opið, óbyggt svæði. Gert er ráð fyrir um 760 íbúðum, atvinnuhúsnæði fyrir skrifstofur og þjónustu, allt að 10.000 m², lítilli smábátahöfn, bensínstöð, leikskóla, sjóbaðsströnd, hverfisþjónustu o.fl.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.